

Velferðarráðuneytið  
Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra  
Hafnarhúsið við Tryggvagötu  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1309*  
*komudagur 28.1.2013*

Reykjavík 11. Júní 2012  
Tilv. 2012010223 / 8.0

**Efni: Reyklaust tóbak: Neftóbak/munntóbak**

Vísað er til erindis sem ÁTVR sendi til velferðarráðherra þann 12. janúar 2012. Þar var rakin sú staða sem upp er komin varðandi reyklaust tóbak, en fjöldi umsókna um að taka neftóbak í sölu lá þá fyrir og ein tegund, Lundi, var komin í sölu. Þegar málið var skoðað nánar kom upp óvissa varðandi skilgreiningu á neftóbaki, annars vegar, og munntóbaki hins vegar. Einnig hafði ÁTVR grun um að aukinn hluti neftóbaks ÁTVR væri notaður í munn og því í raun orðið munntóbak. ÁTVR tjáði þeim aðilum sem sótt höfðu um að til stæði að gera könnun á notkun nef- og munntóbaks á Íslandi til að reyna að svara þessum spurningum og á meðan tæki ÁTVR ekki nýjar tegundir til sölu. Nú liggja niðurstöður könnunarinnar fyrir og voru þær kynntar fulltrúum ÁTVR og Velferðarráðuneytisins hjá Embætti landlæknis þann 7. júní síðastliðinn.

Fram kemur að 5% karla taka í nefið daglega eða sjaldnar og 7,3% karla taka í vörina daglega eða sjaldnar. Þá kom fram að þeir sem taka í vörina nota meira en tvöfalt magn af tóbaki en þeir sem taka í nefið. Af þessu má ráða að um 80% eða um 24 tonn, reyklauss tóbaks, fer í munn og gildir það jafnt um íslenska neftóbakið og Lunda. Könnunin bendir eindregið til að neftóbakið sé í raun orðið að munntóbaki og þar með ólöglegt samkvæmt lögum um tóbaksvarnir.

Þá kemur einnig fram að notkun tóbaks í nef er nokkuð jafndreifð eftir aldri en notkun í munn er yfirgnæfandi hjá körlum undir 35 ára aldri. Ef litið til þess að sala á íslensku neftóbaki hefur þrefaldast, aukist úr 10 tonnum í 30 á síðustu 10 árum, er nokkuð ljóst að aukningin er eingöngu vegna notkunar í munn. Loks má nefna að í könnuninni kom fram að einungis 5% þeirra sem nota neftóbak í munn sögðust bleyta það fyrir notkun og má af því ráða að rakastig geti ekki verið notað til að greina á milli nef- og munntóbaks.

Niðurstaða könnunarinnar bendir ákveðið til að ekki sé lengur hægt að greina á milli munntóbaks og neftóbaks. Að mati ÁTVR koma tveir kostir helst til greina í stöðunni. Annars vegar að banna allt reyklaust tóbak þ.m. t íslenska neftóbakið. Hins vegar að leyfa allt reyklaust tóbak og hækka tóbaksgjöld verulega frá því sem nú er. Reynslan hefur sýnt að tóbak er verðteygið, sérstaklega innan neyslumesta hópsins, og hækkun á gjöldum er líkleg til að draga verulega úr neyslu.

ÁTVR óskar eftir viðbrögðum og ákvörðun ráðuneytisins í þessum efnum.

Virðingarfyllt,



Ívar J. Arndal forsjóri

Afrit: Fjármálaráðherra